

Fjáröflun vegna haustferðar



Benidorm á góðum degi, en þangað mun góður hópur félaga og starfsfólks halda í haust.

Ákveðið hefur verið að breyta árlegri vorferð í haustferð. Verið er að selja klósettpappír, heimilsrúllur og lakkrís til styrktar væntanlegum ferðalöngum.

VERÐLISTI

Klósettpappír 48 rúllur á kr. 3.500.-
Heimilsrúllur 12 rúllur á kr. 3.500.-
Blandaður Freyjulakkrís 500.- gr. á kr. 800. Þeir sem vilja styrkja ferðalangana eru hvattir til að nýta sér þessi frábæru kostakjör á þessari nauðsynjavöru.

Deildarfundir

Fundir í deildum eru haldnir á hverjum degi kl. **09.30** og **13.15** þar sem farið er yfir verkefni sem liggja fyrir hverju sinni.
Við hvetjum félaga til að mæta á fundina.

Klúbburinn Geysir er opinn alla virka daga frá kl. 08.30 - 16.00, nema föstudaga til kl. 15.00.

Félagslegt í júlí

Fimmtudagur 7. júlí
Viðeyjarferð.
Umsjón: Elín og Tóta

Laugardagur 9. júlí
Grill í Geysi.
Umsjón: Benni og Ragga

Fimmtudagur 14. júlí
Nauthólsvík/fjöruferð.
Umsjón: Ragga

Fimmtudagur 21. júlí
Leikjaferð í Laugardal
Umsjón: Stefán

Laugardagur 23. júlí
Árbæjarsafn. Umsjón: Ester og Victoria

Fimmtudagur 28. júlí
Opið hús /Grillað í Geysi. Umsjón: Benni



Húsfundur!

Húsfundur eru miðvikudaga kl. 14:30. Þa er rétti staðurinn fyrir félaga til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Allir að mæta!

7. tölublað júlí 2011

Litli - Hver

Geysisdagurinn er kominn til að vera



Hér eru svipmyndir frá Geysisdegnum 25. júní sem heppnaðist frábærliga. Sigríður Klingenberg var sérstakur gestur dagsins og ræsti meðal annars örþonið, ásamt því að lýsa þönnu af innlifun.



Skipholti 29, 105 Reykjavík
Sími: 551-5166, fax: 551-5136
Netfang: kgeysir@kgeysir.is
Veffang: www.kgeysir.is
Facebook: Klúbburinn Geysir

Fréttir af húsfundum

Miðvikudagurinn 27. apríl:

Rætt var um nauðsyn þess að hafa móttökuna mannaða öllum stundum. Heilsuvika nálgast. Ester stefnir á að auka aðsókn félaga úr 32 félögum í 35 félaga á dag. Hún bendir á að gott geti verið að senda smáskilaboð eða tölvupóst í því sambandi. IS 16 í Stokkhólmi: Alþjóðleg ráðstefna ICCD.



Frá húsfundi í Geysi 16. mars 2011

Gert er ráð fyrir því að fara út að morgni hins 9. júlí. Brabra (Ester og Stefán). Ester gerði grein fyrir áætlun um hollvinateymi/deild innan klúbbsins. Sveitaferð laugardagurinn 21. maí sem er hugsanlegur sauðburðardagur í Deildartungu. Benni kynnti fyrir hugaðan Geysisdag og fyrirkomulag vegna bréfs sem skrifað hefur verið til þess að kanna hug nágranna til þátttöku í deginum.

Miðvikudagurinn 4. maí: Ester minnti á hugarflugsfund sem haldinn verður í klúbbum 7. maí næstkomandi. Grikkjaheimsókn: Elín sagði frá áætlun um að taka á móti fjórum Grikkjum sem ætla að heim-sækja okkur og vera húsgangar hjá okkur í tvær vikur. Stefán benti á hvað væri framundan í heilsuviku, sund, fjallanga og fleira. Haustferð: Tóta gerði grein fyrir hvað sé í gangi hjá ferðahópnum og hvetur félaga til að kaupa/selja lakkrís, klósettappír og eld-húsrúllur. Geysisdagurinn: Benni sagði frá góðum undirtektum sem blaðberar fagnaðar-erindisins hafa fengið. Ester talaði um þá rannsóknarvinnu sem hún hefur unnið í sambandi við Evrópuráðsstefnu ICCD 2012. Enn fremur að við séum eini klúbburinn sem hefur lýst yfir einhverjum áhuga á að halda hana. Brabra. Sigrún gerði grein fyrir bréfum sem við erum að vinna í til að senda út og bjóða fólki (vinum, vandamönnum, kunn-ingjum) að gerast Hollvinir klúbbsins. Hjólað

í vinnuna (Stefán). Stefán hvatti félaga, starfsfólk og sjálfboðaliða til að taka þátt.

Miðvikudagur 11. maí: Björk sagði frá málþingi geðsviðs LSH sem var síðasta föstudag. Björk útskýrði þróun seinustu ára að spítalarnir þ.e. geðeildirnar séu ekki langtímadvalarstaðir. Afríka/ Ester. Biðlað var til allra klúbbum að safna fé fyrir klubb í Afríku til að þeir komist á alþjóðaráðstefnu í sumar. Talað um 100 USD. Góður rómur var gerður að þessu og samþykkt að gefa 100 dollara í þetta málefni. Önnur mál: Stefán sagði frá garðyrkjumálefningu og hvatti félaga til þátttöku. Við höfum fengið garð í Grafavoginum.

Miðvikudagur 18. maí: Stefán gerði grein fyrir fyrirkomulagi sauðburðarferðar sem farin verður næstkomandi laugardag. Elín gerði kunnngjört um kveðjukaffi fyrir Grikkina á föstudag og málþing á fimmtudag og út að borða á laugardag. Fjölbreytt félagsleg dag-skrá er í vændum: Hörputúr, sund, leiðsögn um grasagarðinn, opið hús, grillferð í Naut-hólsvík og Geysisdagurinn. Stefán impraði á hugmynd um að skipta út runnum fyrir framan húsið fyrir berjarunna og aðrar mat-jurtir. Stefán hrósaði fyrir góða þátttöku og gott gengi í hjólað í vinnuna. Hann hvatti til áframhaldandi hreyfingar.

ATOM Atvinnu- og menntadeild

Reglulegir upplýsinga- og fræðslufundir í Geysi

Alla þriðjudaga kl. 15.00 eru haldnir fundir sem varða daglegan rekstur og hugmyndafræði Fountain House. Má þar nefna kynningarfundir fyrir nýja og eldri félaga, viðmiðunar-reglufundi, umgengnisreglufundi og markmiðssetningafundi. Þetta eru upplýsinga- og fræðslufundir og ætlaðir félögum og starfsfólki. Næstu fundir verða sem hér segir:

1. Fundur um umgengnisreglur verður þriðjudaginn 5. júlí.
2. Markmiðssetningafundur verður 12. júlí.
3. Kynningarfundur fyrir nýja og eldri félaga verður þriðjudaginn 19. júlí.
4. Fundur um umgengnisreglur verður 26. júlí.

Frá fulltrúa notenda geðsviðs

Bergþór Böðvar Grétarsson fulltrúa notenda á geðsviði LSH langar til þess að komast í samband við notendur sem hafa verið nauðungarvastaðir eða sviptir sjálfræði á geðdeild. Tilgangurinn er að kanna stöðu þessara einstaklinga svo að bæta megi þjónustu við þá. Þeir sem vildu vinna með Bergþóri í þessu verkefni er bent á að hafa samband við hann í síma 543-4084/824-5315 og/eða tölvupóst bergbo@landspitali.is.

Markmiðssetning!

Kæri félagi!

Ef þú veist ekki hvert þú stefnir eða hvað þú vilt gera gæti markmiðs-áætlun hentað þér! Nú getur þú sem félagi í Klúbbum Geysi valið þér stuðningsstarfsmann og gert með honum markmiðsáætlun.

Settu þér markmið og láttu drauma þína rætast!

Publisher og Tölvuver

Tölvuver og publisher er komið í sumarfrí frá og með 1. júní.

Kennsla hefst aftur í publisher þriðjudaginn 16. ágúst kl. 11.15 og kennsla hefst aftur í tölvuveri fimmtudaginn 18. ágúst kl. 11.15. Við óskum félögum gleðilegs sumars og minnum á að áfram verður hægt að fá aðstoð við tölvutengd mál þrátt fyrir sumarfrí.

Morgunfundir

Morgunfundir eru alla morgna og hefjast klukkan 09.00.

Munið frían morgunmat frá kl. 08.30 til 09.30

Allir að mæta!

Sumarfrí starfsmanna

Elín verður í sumarfrí frá 18. júlí til 11. ágúst.
Tóta Ósk verður í sumarfrí frá 18. júlí til 8. ágúst.
Stefán verður í sumarfrí frá 25. júlí til 2. ágúst.

Klúbburinn Geysir fær veglegan styrk úr Pokasjóði

Þann 15. júní sl. fóru þær Elín Sigurðardóttir og Eygló Rut Óladóttir í Salinn í Kópavogi til að



taka við 300.000 kr. styrk úr Pokasjóði. Fjöl-mörg verkefni hlutu styrk að þessu sinni og námu upphæðir frá 150.000 og upp í fimm miljónir króna hver. Sjóðurinn tók þá ákvörðun að styrkja einungis verkefni á sviði umhverfis- og mannúðarmála. Styrkurinn er veittur til uppbyggingar atvinnu- og menntadeildar og mun hann verða nýttur til að bæta tölvukost deildarinnar. Ætlunin er að skipta út fjórum Dell tölvum sem keyptar voru árið 2005 og eru því komnar til ára sinna. Við erum ákaflega stolt og þakklát fyrir það að fá styrk frá Pokasjóði og sannar þessi úthlutun gamla mál-tækið – þeir fiska sem róal!

ATOM
Fréttir úr atvinnu- og mennta-
deild

Fréttir af RTR

RTR störf sem eru að losna
Við viljum vekja athygli á RTR störfum sem eru að losna á næstunni.

△ Starfið í Þjónustumiðstöðinni við Vitatorg (Lindargötu 59) er laust frá og með 15. júlí. Umsjón og upplýsingar um starfið veita Benni og Ester

△ Annað tveggja 25% starfa hjá Kynnisferðum á BSÍ er laust frá og með 1. ágúst. Umsjón og upplýsingar um starfið veita Ester og Stefán. Við hvetjum alla sem áhuga hafa að kynna sér þessi störf hjá umsjónarmönnum þeirra.

Líkamsrækt í Laugum World Class

Félagar í Klúbbnum Geysi fá afslátt af líkamsrækt í Laugum World Class. Hafið í huga að tilkynna þarf þátttöku í Laugum til Esterar.

Nýtt auðkenni Geysis formlega tekið í notkun

Nýtt auðkenni Klúbbsins Geysis var afhjúpað á Geysisdaginn, laugardaginn 25. júní. Það var búið að bíða lengi eftir þessu merki, merki sem væri betur lýsandi fyrir starfsemi klúbbsins. Þar sem Geysir er okkur félagunum svo mikilvægur varð þetta að enn meiri gleðistund.

Þegar ég sá fyrst gamla auðkennið þá hélt ég að um væri að ræða

einhvers konar listaklúbb þar sem að ég þyrfti að mála allan daginn eða gera einhver handverk. Eða þá að Geysir væri einhver fjallgönguklúbbur, þar sem að merkið leit út eins og einhvers konar fjall. En víst var að merkið var frekar þunglynt. Þegar ég kom í Geysi beið mín heldur betur allt annað en þunglyndi, það beið mín nákvæmlega það sem ég þyrfti á að halda nýkominn út af geðdeild.

Gamla auðkennið hefur nýst okkur vel í næstum 12 ár en það þyrfti merki sem lýsti hversu mikið klúbburinn gerir fyrir okkur, hversu mótandi hann er fyrir bataferli okkar og allt okkar líf. Nýja auðkennið gerir það heldur betur og það sem gerir merkið enn merkilegaram er að félagi í Geysi, Helgi Ásmundsson myndlistamaður hannaði það.

Þegar ég kom til Geysis þá var ég svo brotinn, mér leið svo illa, að það var engu líkt. Hér hef ég fundið kærleik og hlýju sem ég var hættur að trúa á, stað til að vaxa og verða að betri



Guðlaugur Bergmann flutti stutt ávarp og afhjúpaði hið nýja merki fyrir Geysi.

manni og það á tíma þegar ég hélt að svoleiðis staður væri ekki til fyrir mig. Nýja auðkennið lýsir þessu svo vel því að það er hægt að sjá merkið sem blóm og að því leyti hef ég fengið tækifæri hér til að vaxa og dafna. Einnig er hægt að sjá það bláa sem Geysishverinn sem gýs upp og mótar og slípar demantinn sem er það græna í auðkenninu. Ég sé okkur félagana sem þessa demanta og klúbbinn Geysi sem þennan Geysishver. Hér fáum við svo sannarlega tækifæri til að verða það besta sem við getum verið.

Ég óska öllum félögum til hamingju með nýja auðkennið og þakka starfsfólki Geysi fyrir frábæra vinnu. Takk Helgi, fyrir að gefa okkur þetta hreint út sagt magnaða auðkenni!

Guðlaugur Bergmann



Sex af átta þátttakendum frá Klúbbnum Geysi sem taka þátt í ráðstefnunni í Stokkhólmi í júlí: F.v. Eygló Rut Óladóttir, Ester Elíasdóttir, Halldóra Jónasdóttir, Elín Sigurðardóttir og Guðrún Þorkelsdóttir. Á myndina vantar hinn karlega legg hópsins, Tryggva Garðarsson, Jón Sigurgeirsson og Guðmund Kristjánsson.

16. alþjóðlega ráðstefna ICCD í Stokkhólmi

Þann 9. júlí leggur átta manna hópur félaga og starfsmanna í ferð á 16. ráðstefnu ICCD, sem haldin verður 9.-14. júlí í Stokkhólmi. Fulltrúar Geysis munu flytja tvö erindi á ráðstefnunni. Annað er um viðmiðunarreglu nr. 8, um sérstaka fundi starfsfólks eða félaga, innan eða utan klúbbsins. Hitt erindið fjallar um árangursríkt nám með stuðningi. Félagarnir munu einnig hlusta á önnur erindi á ráðstefnunni og taka þátt í málstofum sem varða starfsemi Geysis. Hópurinn hefur síðustu vikurnar unnið að þeim erindum sem þeir munu flytja á ráðstefnunni. Erindin verða frumflutt hér í Geysi 5. júlí kl. 14.00 og munu fara fram á ensku. Við hvetjum alla félagi til að mæta þá og gefa hópnum endurgjöf.

HOLLVINIR GEYSIS



Nokkrir máttarstólpar Bra Bra

Um 100 aðilar hafa nú fengið bréf frá Klúbbnum Geysi þar sem þeim er boðið að gerast Hollvinir Geysis með smávægilegri peningagjöf. Í bréfinu rekur Sigrún Jóhannsdóttir sögu sína í Geysi og lýsir þeirri frábæru starfsemi sem hér fer fram. Nokkrir aðilar hafa gerst Hollvinir og nú leitum við að fleiri aðilum sem við getum sent þetta boð. Við skorum á alla félagi og starfsmenn Geysis að koma nöfnum og heimilisföngum til Esterar framkvæmdastjóra sem heldur utan um heildarlistann. Allir þekkja að minnsta kosti einn eða tvo sem eru Geysi velviljaðir og myndu ekki taka því illa að fá svona bréf, þótt ekki séu allir aflögu-færir. Bréfið er mjög kurteislegt og enginn greiðsluseðill fylgir, þannig að það er engin þrýstingur á fólk að borga. Bréfið er líka góð kynning á Klúbbnum Geysi, þannig að þó að fólk geti ekki stutt okkur fjárhagslega í augnablikinu, fær það fallett og áhugavert bréf sem minnir á tilvist Klúbbsins Geysis.

Félagar og starfsfólk: Komið til Esterar nöfnum og heimilisföngum vina ykkar, ættingja, kunningja og annars venslafólks sem þið vitið að líta starf Geysis velþóknunaraugum.

Með fjáröflunarkveðju BraBra

Hugarflugsfundur 7. maí 2011

Hugarflugsfundur var haldinn í Geysi 7. maí síðastliðinn með þátttöku félaga, starfsmanna og stjórnar. Þátttaka var góð, umræður mjög skemmtilegar opnar og heiðarlegar. Þátttakendum var skipt í þrjá hópa sem síðan skiluðu niðurstöðum þar sem allir komu saman. Á fundinum var mótuð kærkomin stefnuyfirlýsing, þar sem markmið klúbbsins og leiðir að þeim voru skilgreindar. Á síðunni hér til hliðar má sjá stefnuyfirlýsinguna ásamt einkunnarorðum Klúbbsins Geysis.



Hópur 3: Svava, Stefán, Björk, Jón og Tóta Ósk.



Hópur 2: Kjartan Emil, Benni, Tommi, Gunnar, Sigrún, og Bergljót.



Hópur 1: Heiða, Elín, Kristinn H. og Svavar.

Ábending til félaga starfsfólks og gesta Klúbbsins Geysis

Það eru vinsamleg tilmæli til starfsfólks, félaga og gesta Geysis sem koma hingað akandi, að þeir leggi ekki bifreiðum sínum fyrir framan tískuverslunina BASLER í Skip-holti 29b.

Með fyrirfram þökk.

Nýju Þríbrotsbæklingarnir komnir út

Endurnýjun upplýsingabæklinga hefur verið í vinnslu um langa tíð. Ætlunin var að hafa bæklingana þríbrotna svo að þeir pössuðu vel í bæklingarekka fyrir-tækja og stofnana sem ætlunin er að dreifa þeim í. Margir hafa komið að hönnun, útlit og textasmíð og erum við stolt af því. Nú er bara að dreifa bæklingunum og kynna Geysi og hans góða starf.



Nýju bæklingarnir eru bæði litfagrir og fullir af hagnýtum upplýsingum fyrir áhugasama.

Stefnuyfirlýsing klúbbsins Geysis

Virðing – Víðsýni – Vinátta

Við bjóðum velkomna þá sem eiga eða hafa átt við geðræn veikindi að stríða, til að vinna uppbyggilegt starf á jafningjagrundvelli með það að markmiði að auka samfélagslega þátttöku og efla lífsgæði.

Þetta gerum við með því að:

- vera öruggur samastaður
- hafa fjölbreytt verkefni á vinnumiðuðum degi
- efla sjálfstraust með því að taka tillit til styrkleika, áhuga og getu hvers og eins hverju sinni
- veita stuðning í námi og atvinnuleit
- bjóða tímabundin atvinnutækifæri



Samvinna – Samræður - Samhljómur

Geysisdagurinn tókst frábærlega

Langþráður Geysisdagur rann upp bjartur og fagur laugardaginn 25. júní síðastliðinn. Stefnt hafði verið að því að skapa góða karnivalstemningu í Skipholtinu fyrir utan Geysi sem tókst með miklum ágætum. Hér á síðunni má sjá nokkarar stemmningsmyndir sem teknar voru við þetta tækifæri.



Að Neðan: Sigríður Klingeberg ræsti örþonið og lýsti því með tilþrifum.

Að ofan: Ester, Stefán og Ásdís Gréta leggja af stað í örþonið.



Til vinstri: Keli og kiðlingarnir léku nokkur lög við frábærar undirtektir. Sérstakur gestur var Haraldur Vignir Sveinbjörnsson hljómborðsleikari Mannaársins.

Að ofan: Hjálfríður og fjölskylda njóta dagsins.



Hjálfríður, Guðrún, Lucinda,



Ragnheiður, Svava, Árni, Tóta



og Victoria

Ganga kl. 10.30 alla daga vikunnar — Morgunfundur alla daga kl. 09.00 og ókeypis morgunmatur — Deildarfundir alla daga kl. 09.30 og 13.15

Mán	Pri	Mið	Fim	Fös	Lau
27 Grænmetissúpa Starfsmannafundur kl. 10.00	28 Soðinn fiskur	29 Pasta Brabra kl 10.00 Húsfundur kl. 14.30	30 Hlaðborð	1 Kjöt í karrý Eldhúsdeildarfundur kl. 10.00	2
4 Risotto Starfsmannafundur kl. 10.00	5 Fiskur Sælkerayša a la Sigrún Fundur um umgengnisreglur kl. 15.00	6 Hakkbollur Brabra kl 10.00 Húsfundur kl. 14.30	7 Hlaðborð	8 Ranar/pylsur/pulsur Eldhúsdeildarfundur kl. 10.00	9 Opið Hús Grillum og chillum í góða veðrinu Umsjón Benni
11 Blómkálssúpa	12 Hrossabjúgu Fundur um markmiðssetningu kl. 15.00	13 Steiktur fiskur að hætti Victoríu Brabra 10.00 Húsfundur kl. 14.30	14 Hlaðborð	15 BBQ, svínaríf Eldhúsdeildarfundur kl. 10.00	16
18 Ítölsk grænmetissúpa Starfsmannafundur kl. 10.00	19 Steiktur kjötbúdingur Kynningarfundur fyrir nýja og eldri félagu kl. 15.00	20 Fiskréttur m/blómkáli Brabra 10.00 Húsfundur kl. 14.30	21 Hlaðborð	22 Kótiletur Eldhúsdeildarfundur kl. 10.00	23 Farið verður í Ár- bæjarsafnið. Tímasetning nánar auglýst síðar. Umsjón Ester og Victoria
25 Pastareimar í skinkurjóma Starfsmannafundur kl. 10.00	26 Soðinn fiskur Fundur um umgengnisreglur kl. 15.00	27 Eplasalami salat og brauð Brabra kl. 10.00 Húsfundur kl. 14.30	28 Hlaðborð og Plokkfiskur	29 Kjúklingur Eldhúsdeildarfundur kl. 10.00	30